


# Áratugur aðgerða

herferð um umferðaröryggi 2011-2020 hefst á morgun miðvikudag

Á morgun, miðvikudaginn 11. maí klukkan 10.30, verður hleypt af stökkunum átakingu **Áratugur aðgerða** (Decade of Action) sem stofnað hefur verið til að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Hefst átakið sama dag í öllum þáttökulöndum þess.

Forgöngu um átakið hér á landi hafa innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið sem hafa kallað til samstarfs fjölmarga aðila sem sinna umferðaröryggismálum, þ.m.t. Umferðarstofu, Vegagerðina og ýmis samtök og félög. Markmið átaksins er að draga úr banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni á heimsvísu næstu 10 árin og er hvert og eitt aðildarland SP hvatt til að setja fram áætlun um aðgerðir í þeim efnum. Byggjast slíkar áætlanir á því sem þegar hefur verið gert í umferðaröryggisaðgerðum og nýjum verkefnum sem einstök ríki vilja leggja áherslu á.

Átakingu verður hleypt af stökkunum við Kennslu- og prófamiðstöð ökukennarafélags Íslands og Frumherja á Kirkjusandi. Athugið að athöfnin mun eiga sér stað norðan megin við húsið þ.e. við Sæbrautina.



Dagskráin á morgun verður sem hér segir:

- Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur ávarp.
- Guðbjartur Hannesson fjallar um umferðarslys sem heilbrigðisvandamál
- Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra greinir frá tilgangi herferðarinnar og áherslum fyrsta árið

Í lok athafnar mun nemendahópur úr Laugarnesskóla sleppa í loftið 201 blöðru sem táknræna minningu um þá sem létust í umferðarslysum árin 2001 til 2010.

Talið er að allt að 30 milljarðar fari í súginn hér á landi vegna umferðaróhappa og slysa á hverju ári. Átakinu „Decade of Action“ er ætlað að sporna gegn þessu. Stjórnvöldum um allan heim er ætlað að nota þennan áratug til að efla umferðaröryggi til muna. Styrkja þær stoðir samfélagsins sem þarf til að fækka umferðarslysum umtalsvert en það getur kallað á breytt hugarfar, breyttar forsendur í t.d. vegamálum, breyttar áherslur og forgangsröð. Ef ekkert verður að gert munu líklega 1,9 milljónir manna deyja á árinu 2020 í umferðinni.

Umferðaröryggi er ekki nýtt verkefni á Íslandi. Í áraraðir hafa samgönguyfirvöld, lögreglan sveitarfélög, aðrir opinberir aðilar, félagasamtök og einstaklingar unnið að auknu umferðaröryggi með fjárframlögum, aðgerðum, fræðslu og eftirliti. Með aðgerðinni „Áratugur aðgerða“ eru allir þessir aðilar kallaðir til nýrrar ábyrgðar og nýrrar hvatningar á þessu sviði. Lögð verður áhersla á að umferðaröryggi sé sett á oddinn á öllum sviðum í samgöngumálum.

Undirbúningshópur fulltrúa frá innanríkisráðuneyti, velferðarráðuneyti, rannsóknarnefnd umferðarslysa, Landssambandi lögreglumanna, landlæknisembætti, Umferðarstofu, Vegagerðinni, Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Landssamtökum hjólreiðamanna, Bifhjólasamtökunum, Samtökum fjármálafyrirtækja hefur undirbúið herferðina og mögulegt er að fleiri verði fengnir að málinu eftir því sem verkefninu vindur fram.

Nánari upplýsingar um verkefnið gefa:

**Einar Magnús Magnússon**  
upplýsingafulltrúi Umferðarstofu  
símar: 580-2022 / 659-5060  
**Jóhannes Tómasson**  
upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytis  
símar: 545 8214 / 896 7416

Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á vef Sameinuðu þjóðanna:

[http://www.who.int/roadsafety/decade\\_of\\_action/en/](http://www.who.int/roadsafety/decade_of_action/en/)  
<http://www.decadeofaction.org>

# Decade of action

Road traffic deaths and injuries take the lives of nearly **1.3 million people** every year, and injure millions more.

They have been acknowledged as a challenge by the United Nations and its Member States for many years. It has only been during the past decade, however, that the issue has gained the prominence it deserves among the world's most pressing international health and development concerns. In 2004 the World Health Organization and the World Bank launched the *World report on road traffic injury prevention*, setting out recommendations for Member States to improve their road safety situation. The Report was followed by a number of United Nations General Assembly and World Health Assembly resolutions calling on Member States to prioritize road safety as a development and public health issue and to take measures that are known to be effective in reducing the growing numbers of deaths and injuries on the world's roads.

In 2009 the World Health Organization published the *Global status report on road safety*, the first global assessment of the road safety situation in 178 countries. The same year the Commission for Global Road Safety issued a call for a Decade of Action for Road Safety. The proposal for a Decade called for concerted effort across all societies to address the looming road safety crisis. This call was reflected in the "Moscow Declaration" issued from the highly successful First Global Ministerial Conference on Road Safety hosted by the Government of the Russian Federation in November 2009. The Decade of Action for Road Safety 2011-2020 was officially proclaimed by the United Nations General Assembly in March 2010. It is scheduled to commence formally on 11 May 2011.